

Ed.

756. Breytingartillögur

[233. mál]

við frv. til l. um váttryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 6. gr.
  - a. Í stað „kr. 50 000 000“ í 2. mgr. komi: kr. 65 000 000.
  - b. Síðasta mgr. orðist svo:

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins.
2. Við 10. gr.
  - a. Í stað „kr. 35 000 000“ í 2. mgr. komi: kr. 45 000 000.
  - b. Síðasta mgr. orðist svo:

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til þess að endurskoða reikninga félagsins. Um hæfisskilyrði endurskoðenda skulu gilda sömu reglur og um endurskoðendur í hlutafélögum.
3. Við 15. gr. Í stað „kr. 25 000 000“ í 1. mgr. komi: kr. 35 000 000.
4. Við 22. gr. Við greinina bætist:

Aðilar hér á landi, sem hyggjast tryggja erlendis verðmæti, sem eru eign viðkomandi að einhverju eða öllu leyti, án milligöngu váttryggingarfélags sem hefur starfsleyfi á Íslandi skv. lögum þessum, skulu sækja um leyfi til tryggingamálaráðherra, sem að fenginni umsögn tryggingaæftirlitsins getur veitt slíkt leyfi til eins árs í senn. Þeir, sem skv. leyfi tryggingamálaráðherra tryggja erlendis án milligöngu íslensks tryggingafélags, skulu árlega senda tryggingaæftirlitinu skýrslu um tryggingar sínar, svo sem um væri að ræða íslenskt váttryggingarfélag, sbr. 42. gr. laga þessara. Þeir eru og gjaldskyldir til tryggingaæftirlitsins á sama hátt og íslensk tryggingafélög, sbr. 46. gr. laganna.
5. Við 23. gr. 1. mgr. orðist svo:

Í nafni váttryggingarfélags skal koma fram að félagið reki váttryggingarstarfsemi. Aðrir en þeir, sem leyfi hafa til váttryggingarstarfsemi, mega ekki bera heiti, sem kunna að benda til eða gefa í skyn að váttryggingarstarfsemi sé rekin. Nafn váttryggingarfélagsins, eða skrásett firmamerki þess, skal o. s. frv.
6. Við 40. gr. 2. mgr. orðist svo:

Hyggist þeir, sem leyfi hafa til váttryggingarstarfsemi, breyta váttryggingarskilmálum sínum, eða semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaæftirlitinu fyrirhugaða skilmála svo fljótt sem auðið er til athugunar. Endurrit breytinganna og hina nýju skilmála í endanlegu formi skal senda tryggingaæftirlitinu þegar í stað.
7. Við 48. gr. Síðari mgr. orðist svo:

Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga eða viðkomandi váttryggingarfélags, hagstofustjóri og er hann formaður nefndarinnar og einn án tilnefningar.